



Framkvæmd vetrarþjónustu á helmingamoksturs vegum í Dalvíkurbyggð:

| | |
|----------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Markmið: | Að framkvæma vetrarþjónustu á þann hátt að kröfur um gæði moksturs og hálkuvarna séu uppfylltar og að tímasetning aðgerða sé innan þeirra marka sem kröfur eru gerðar um og að aðgerðir séu samræmdar þannig að þjónusta við vegfarendur sé sem best innan þeirra reglna sem settar eru. |
| Hlutverk: | Framkvæmd snjómoksturs í samræmi við markmið og gefa stjórnstöð reglulega upplýsingar um færð og ástand vega. |
| Framkvæmt af: | Verktaka og vegagerðarmönnum. |
| Hvenær: | Á tímabilinu 1. október 2021 - 30. apríl 2022. |
| Tilvísanir: | Snjómokstursreglur, innanhúsreglur í snjómokstri á heimasíðu Vg. |
| Hjálpargögn: | Leiðbeiningar um mokstur og hálkuvarnir |
| Skrásetning: | Dagseðlar-dagbók. |

Framkvæmd

Verklagsregla þessi fjallar um mokstur á helmingamoksturs vegum í Dalvíkurbyggð: Svarfaðardal og Skíðadal.

Svarfaðardalsvegur 805-02. Helmingamokstur allt að 3 daga í viku að Göngustöðum. Steypustöð Dalvíkur sér um mokstur með vörubíl eða veghefli, Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti sér um mokstur með blásara. Moka skal með vörubíl þegar hægt er annars fer traktor með blásara eða snjótönn á undan vörubíl. Bæjartæknifræðingur (eða fulltrúi hans) óskar eftir mokstri og hafa skal samband við Steypustöð Dalvíkur eða verkstjóra Vg.

Skíðadalsvegur 807-01. Mokstur allt að 3 daga í viku, þar af 1 dagur helmingamokstur. Vegagerðin kostar mokstur mánudaga og föstudaga. Verktaki er Nesbræður og Steypustöð Dalvíkur. Bæjartæknifræðingur (eða fulltrúi hans) óskar eftir mokstri og hafa skal samband við Steypustöð Dalvíkur eða verkstjóra Vg.

Skíðadalsvegur 807-02. Helmingamokstur allt að 3 daga í viku að gatnamótum Klængshóls og Hlíðar. Steypustöð Dalvíkur sér um mokstur með vörubíl eða veghefli, Sigvaldi Gunnlaugsson Hofsárkoti sér um mokstur með blásara. Moka skal með vörubíl þegar hægt er annars fer traktor með blásara eða snjótönn á undan vörubíl. Bæjartæknifræðingur (eða fulltrúi hans) óskar eftir mokstri og hafa skal samband við Steypustöð Dalvíkur eða verkstjóra Vg og hafa skal samband við Steypustöð Dalvíkur eða verkstjóra Vg.

Tunguvegur 806. Mokstur allt að 3 daga í viku, þar af 1 dagur helmingamokstur. Vegagerðin kostar mokstur mánudaga og föstudaga. Verktaki er Nesbræður og Steypustöð Dalvíkur. Bæjartæknifræðingur (eða fulltrúi hans) óskar eftir mokstri.

Brekkuselsvegur 8009. Helmingamokstur allt að 3 daga í viku. Verktaki er Nesbræður og Steypustöð Dalvíkur. Bæjartæknifræðingur (eða fulltrúi hans) óskar eftir mokstri og og hafa skal samband við Steypustöð Dalvíkur eða verkstjóra Vg.

Stjórnun í vetrarþjónustu fer fram á Akureyri. Athugun á mokstursþörf hefst venjulega daginn fyrir mokstursdag, eftir að upplýsingar frá veðurstofu um veðurútlit liggur fyrir, auk upplýsinga frá fulltrúa Dalvíkurbyggð á fyrrnefndum vegum og skulu þær berast fyrir kl.17:00 í stjórnstöð. Berist beiðni um mokstur eftir þann tíma getur mokstur tafist, en reynt verður hefja mokstur eins fljótt og kostur er.

Verktakar skulu veita upplýsingar um færð og veður á þjónustusvæðinu og skulu þær hafa borist stjórnstöð eigi síðar en kl. 8:00 alla virka daga. Breytingar á færð og veðri skulu tilkynntar stjórnstöð svo fljótt sem verða má. Dagleg verkstjórn vetrarþjónustunnar er í höndum fulltrúa verkkaupa (yfirverkstjóra) eða þess sem hann vísar til. Verktakar skulu ætíð hafa samráð við stjórnstöð um framkvæmd og framhald vetrarþjónustunnar.

Ef færð er þannig að verktakar telja að þörf sé á öðrum snjómoksturstækjum skulu þeir hafa samband við stjórnstöð um nýtingu þeirra tækja. Verktakar skulu hafa samráð við vaktmann í stjórnstöð áður en þeir hætta vinnu, um aðgerðir næsta dags.

Hefja skal moksturs það snemma, að vegir verði orðnir færir áður en skólar byrja kl. 8:00.

Verði veður það vont að mokstur verði ekki framkvæmanlegur svo viðunandi sé, eða fyrirsjáanlegt verði að vegur lokist fljótlega aftur, skal honum hætt og stjórnstöð og fulltrúa Dalvíkurbyggðar tilkynnt þar um.

Verktaki skal hreinsa snjó af vegum eins og kostur er og ganga frá þeim mokstri samkvæmt gæðastaðli. Varast skal að láta snjóröst loka heimreiðum og ber að lagfæra þær eins fljótt og kostur er. Vegagerðin leggur til dagseðla. Dageðlum skal skila daglega til verkkaupa og reikningum á tveggja vikna fresti. Sundurliða skal kostnað skv. ákvörðun fulltrúa verkkaupa.

Hafa skal í huga að helmingamokstur er heimill allt að þrisvar sinnum í viku og aðeins er mokað einusinni á dag.

Ef beiðni er um mokstur á öðrum héraðsvegum en taldir eru upp hér á undan, þarf að halda kostnaði sér á þeim vegum og verður hann innheimtur að fullu hjá Dalvíkurbyggð.

Samþykkir ofanrituðu:

Fyrir hönd Dalvíkurbyggðar

Fyrir hönd Vegagerðarinnar